

Nd.

482. Nefndarátt

nm frv. til laga um friðun Þingvalla.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir ekki getað orðið sammála um þetta frv.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að sómi þjóðarinnar liggi við, að hinn forni þingstaður og næsta umhverfi hans fái nauðsynlega vernd gegn öllum þeim ágangi, sem spillir fegurð og helgi staðarins. Telur hann allar þær ráðstafanir, er frv. gerir ráð fyrir, nauðsynlegar í þessu efni, og leggur því til, að það verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá hv. efri deild.

Alþingi, 14. mars 1928.

Gunnar Sigurðsson,
form.,
með fyrirvara.

Bernharð Stefánsson,
frsm.

Hjeðinn Valdimarsson,
fundaskrifari.